

FJÖLMÍÐLANEFND

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2017
Mál nr. 2017-1574 / 0.4

Efni: Umsögn fjölmiðlanefndar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022

Vísað er til erindis frá fjárlaganefnd Alþingis frá 26. apríl 2017, þar sem óskað er eftir umsögn fjölmiðlanefndar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 (402. mál). Fjölmiðlanefnd hefur ítrekað sent fjárlaganefnd erindi þar sem bent er á að fjárveitingar til fjölmiðlanefndar eru ekki í samræmi við skyldur samkvæmt lögum. Ekki er að sjá að neinar breytingar verði gerðar á tímabilinu í fjármálaáætlun.

Fjárveitingar til nefndarinnar voru skornar niður um 10 milljónir króna miðað við upphaflegt fjárlagafrumvarp árið 2014 og um 8,5 milljónir króna miðað við fjárframlög til nefndarinnar á árinu 2013. Fjárframlög til nefndarinnar hafa ekki hækkað nema til að standa straum af kostnaði við verðlagsbreytingar og samningsbundnar hækkningar vegna kjarasamninga. Fjárveitingar til fjölmiðlanefndar eru 43,4 milljónir króna á fjárlagaárinu 2017.


Fjölmiðlanefnd vill ítreka það sem fram hefur komið í bréfum nefndarinnar til fjárlaganefndar á síðustu árum. Fjármálaáætlun er ekki í samræmi við fjárþörf nefndarinnar, einkum vegna þeirra lagafrumvarpa sem Alþingi hefur samþykkt á undanförunum árum. Samkvæmt lögum um fjölmiðla ber fjölmiðlanefnd að hafa eftirlit með ákvæðum laganna. Stór hluti þeirra er tilkominn vegna innleiðingar hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins í íslenskan rétt og gegnir fjölmiðlanefnd því auk annars veigamiklu hlutverki við að tryggja samræmt eftirlit með hljóð- og myndmiðlum á EES-svæðinu. Fjölmiðlanefnd getur ekki með nokkrum hætti staðið við þær skuldbindingar sem slíkt eftirlit felur í sér samkvæmt lögum vegna fjárskorts og manneklu. Þá er rétt að minna á að ný tilskipun ESB verður samþykkt á næsta ári þar sem gildissvið tilskipunarinnar verður útvíkkað umtalsvert. Þetta mun fela í sér enn fleiri verkefni fyrir fjölmiðlanefnd þegar tilskipunin verður innleidd hér á landi.

Málafjöldi nefndarinnar hefur aukist verulega og verða mál sífellt umfangsmeiri. Fjölmiðlanefnd mun frá og með árinu 2017 þurfa að skila árlegri skýrslu vegna eftirlits með Ríkisútvarpinu þar sem þjónustusamningur hefur verið gerður við félagið samkvæmt lögum. Er um umfangsmikið eftirlitsverkefni að ræða. Samrunum á fjölmiðlamarkaði fjölgaði einnig umtalsvert á árinu 2016 og 2017 og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun.

Þá hefur fjölmiðlanefnd aldrei fengið þær fjárveitingar sem runnu til Barnaverndarstofu til að hafa eftirlit með aldursmerkingum á kvikmyndum, sjónvarpsefni og tölvuleikjum, sbr. lög nr. 62/2006, frá því að eftirlit með lögnum færðist til fjölmiðlanefndar.

Að endingu ítrekar fjölmiðlanefnd með heildstæðum hætti það sem fram kemur í áðurnefndum erindum nefndarinnar frá síðustu árum og telur að það þurfi umfangsmikla hækkun á fjárveitingum til starfsemi nefndarinnar á fjárlögum næstu ára til að nefndin geti sinnt fyrrgreindum verkefnum, sem Alþingi hefur falið nefndinni að rækja á undanförunum árum, án þess að fjárveitingar hafi fylgt þeim.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,


Hulda Árnadóttir


Heiðdís Lilja Magnúsdóttir